

Alþingi
Sigrún Brynja Einarsdóttir
Austurvelli
150 Reykjavík

Reykjavík 23. febrúar 2004
2004020010/10.20
HrH/ER/BH
05.02.2004

Efni: Náttúruverndaráætlun 2004 - 2008, 477. mál.

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun 2004 - 2008.

Samkvæmt tillögu til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun skal vinna að friðlýsingu fjórtán svæða á landinu á næstu fimm árum. Í tillögunni er svæðunum lýst og þar kemur einnig fram tilgangur og markmið með friðlýsingunni.


Almennt sjónarmið hjá Vegagerðinni er að tryggt þurfi að vera að hægt sé að halda við vegum í vegakerfi landsins á eðlilegan hátt, þótt þeir liggja um friðlýst svæði, enda skulu verkin unnin með gát. Einnig verði hægt að gera nýja vegi og breytta, ef þurfa þykir, og þá farið að lögum um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda hverju sinni.

Við lauslega athugun á vegum á flestum þeim svæðum sem ætlunin er að friðlýsa samkvæmt framangreindri tillögu, má segja að ekki séu fyrirséðar neinar verulegar breytingar á núverandi vegum í náinni framtíð. Nokkra vegi má þó nefna innan þessara svæða, sem æskilegt er að endurbæta, þó ekki sé ætlað fé til þeirra á samgönguáætlun ennþá.

Austara-Eylendið	Breikkun brúar á Austurósi Héraðsvatna.
Guðlaugstungur	Uppbygging Kjalvegjar við Dúfunefsfell, og brýr á Svörtukvísl og Blöndu á Vesturheiðarvegi.
Öxarfjörður	Ný brú á Jökulsá á Norðausturvegi.
Skeiðarársandur	Fyrirhuguð er breyting á Hringvegi frá Skeiðará og austur að Sandfelli.
Reykjanes	Fyrirhuguð er uppbygging Nesvegjar frá iðnaðarsvæði á Reykjanesi austur undir Staðarhverfi.

Að öðru leyti gerir Vegagerðin ekki athugasemdir við tillöguna.

Virðingarfyllst,



Jón Rögnvaldsson,
vegamálastjóri.